

ur höfn í vor. Þá var farið að athuga hvort málið væri þarfara,

Íslendingur nýkominn frá Reykjavík (herra Ágúst Jón Jónsson, söngstjóri við Unítarakyrkjuna hér í bænum), er enn bar í fersku minni ofstækis heimsku innri-missíonar-manna heima, ritaði lipra og stutta grein í Hkr. til að benda mönnum á, að mannúðarskyldan krefðist þess að fyrr væri hugsað um að létta undir byrði með þeim, sem sárast liðu við skipskaðann. Heldur en að reisa innri-missíóninni kyrkju í Reykjavík. Undir það skrifaði hra B. L. Baldwinson og bætti þar nokkru við frá eigin brjósti.

Þessu svarar svo Lögberg með þjósti allmiklum og lítilli prúðmensku og álitur manni þeim, er ritað hafi í Hkr. sama að þegja, því hann muni í engan stað þekkja svo vel til hversu hagi til á Íslandi, að hann megi með fara; og þá sitji ekki á ritstj. Hkr. að leggja þar til mála. Í sama mund kemur út Sameiningin með fúkyrðum og stóryrðum til Hkr. og fyrirbýð B. L. Baldwinson að snerta fingrum sínum við nokkru því máli, er kyrkjuna áhræri, og lýsir hann óheimildarmann að því og óhreinan lengur en „til kvelds“ fyrir tiltektir sínar. Var þá deilan hafin.

Þetta var þá upphafið að þessum almennu stælum, og það sem á eftir fór skulum vér athuga gjörr síðar.

Málefnið sjálft er deilunum hefir ollað, er þetta: Hver skyldan kemur fyrr, sú að hjálpa bjargþrota og munadarlausu fólki, eða eila lúterskt afturhvaris trúboð í landinu? Innri-missíónin með öllum sínum hótunum um helvítis eld er lútersk missíón, er sú trúarbragðaleg starfssemi, er kyrkjufélagið lútherska hér vestra hefir lýst velþóknun sinni á, bæði „hægri menn“ og „vinstri“, báðir, séra Jón og séra Friðrik. Málefni þetta var opinber spurning þess efnis, hvoru lögmálinu beri frammar að hlýða, siðalögmálinu eða trúarkreddunni. Áskoranir koma úr tveim áttum, sín frá hvorri hlið, til bróðurkærleikans, og til trúarofsans. Hvor átti forgangsrétt?

Það er ekki í fyrsta skifti, sem orþódoxa kyrkjan hefir verið knúð til að svara. En hún hefir ætíð svarað eins í orðum